



FLUGSTÖÐ
LEIFS
EIRÍKSSONAR HF.

2002
ÁRSSKÝRSLA **2002**
ANNUAL REPORT

EFNISYFIRLIT/CONTENTS

Ávarp stjórnarformanns	4
Starfsemi ársins	7
Rekstur og afkoma	7
Skipurit	8
Helstu verkefni ársins	9
Hlutverk og framtíðarsýn	13
Niðurlag	13
Ársreikningur 2002	15
Skýrsla stjórnar	15
Áritun endurskoðenda	16
Rekstrarreikningur	17
Efnhagsreikningur	18
Sjóðstreymi ársins 2002	20
Skýringar með ársreikningi	21
Address by the Chairman of the Board	28
Operations 2002	31
Operation and performance	31
Organisational chart	32
Principal projects	33
Mission and future vision	37
Conclusions	38
Annual Report 2002	39
Endorsement of the Board of Directors	39
Auditor's Report	40
Profit and Loss Account for the year 2002	41
Balance Sheet December 31st 2002	42
Cash Flow Statement	44
Notes	45



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Gísli Guðmundsson,
stjórnarformaður

Staða og þróun efnahagsmála á árinu 2002 var um margt ólík því sem hún var árið 2001. Gengi íslensku krónunnar styrktist mjög mikið á síðasta ári sem var veruleg breyting frá árinu á undan þegar gengi hennar féll gagnvart gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda. Verðbólga sem hafði verið tæp 9% á árinu 2001 og þjakað efnahagslíf landsins, hvarf að mestu í fyrra. Þjóðarframleiðsla

stóð nokkurn veginn í stað og hagkerfið leitaði jafnvægis eftir þensluskeið fyrri ára. Viðskiptahallinn, sem var verulegur, minnkaði og slaki myndaðist í efnahagslífinu. Ýmislegt bendir til þess að efnahagsleg skilyrði batni enn frekar á næstu misserum. Vextir hafa lækkað töluvert og ýmiss teikn á lofti um að hagvöxtur aukist og að einkaneysla sé á uppleið. Af öllu þessu má ráða að horfur í rekstri félagsins séu betri en þær voru í upphafi síðasta árs.

Farþegum hélt áfram að fækka á árinu 2002 eins og gerst hafði árinu á undan. Þeim hefur fækkað um rúm 200 þúsund frá árinu 2000. Áhrif af hryðjuverkaárásinni á Bandaríkin 11. september 2001 eru ekki enn að fullu komin fram. Farþegum fækkaði um 140 þúsund á árinu 2002 frá árinu á undan. Samdrátturinn varð mestur í skiptifarþegum eða um 90 þúsund. Farþegum sem komu og fóru frá landinu fækkaði um 50 þúsund. Ástæðan fyrir fækkun skiptifarþega er að Flugleiðir hafa dregið verulega úr tíðni ferða vestur um haf, sérstaklega yfir vetrartímann. Go flugfélagið ákvað að hætta flugi til Íslands á fyrri hluta síðasta árs vegna hás kostnaðar að sögn forráðamanna þess, en félagið leitaði ekki til FLE hf. eða annarra aðila á Keflavíkurflugvelli

áður en ákvörðunin var tekin. Dregið hefur úr ferðum Flugfélagsins Atlanta á síðustu 2 árum. Efnahagsþróun hér á landi bætti ekki úr skák, því að ferðum Íslendinga fækkaði á árinu 2002 miðað við árið á undan.

Teikn eru á lofti um að botninum sé náð hvað varðar fjölda farþega sem koma og fara frá landinu. Þessum farþegum fjölgaði á síðustu mánuðum ársins 2002 miðað við fyrra ár og einnig á fyrstu mánuðum þessa árs. Það stefnir í að sumarumferð um Keflavíkurflugvöll verði meiri en á síðasta ári. Nýtt flugfélag, Iceland Express, hóf flug í febrúar. Félagið mun fljúga daglega til Kaupmannahafnar og Lundúna árið um kring. Yfirvofandi styrjöld í Mið-austurlöndum gæti þó sett strik í reikninginn. Það leiðir hugann að því hvað ástandið í flugheiminum er viðkvæmt. Stríðsátök gætu haft mikil áhrif á ferðalög um allan heim, líka á ferðamannastraum til og frá Íslandi. Dimm ský eru sjaldan án skúra.

Stjórn félagsins hefur lagt áherslu á aukið markaðs- og kynningarstarf til að laða að meiri umferð um Keflavíkurflugvöll og fjölga farþegum sem leið eiga um flugstöðina. Félagið hefur unnið við, í samvinnu við Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli, að kynna erlendum flugfélögum hvað Keflavíkurflugvöllur og flugstöðin hafa upp á að bjóða. Markaðsstjóri hefur verið ráðinn til þess að vinna m.a. að framgangi þess máls. Kynningarfundir hafa verið haldnir með nokkrum flugfélögum og ráðstefnur sóttar þar sem flugvellir og flugstöðvar markaðssetja starfsemi sína. Ljóst er af þeim viðræðum sem farið hafa fram við lágfargjaldaflugfélög að lækka þarf skattlagningu og gjaldtöku til þess að þau hafi áhuga og tök á að nota Keflavíkurflugvöll sem áfangastað.

Fækkun farþega og aukinn húsnæðiskostnaður vegna tilkomu suðurbyggingar félagsins er aðalástæða þess að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir lækkaði um 14% milli ára. Rekstrartekjur lækkuðu



um 3,5% á milli ára og rekstarkostnaður fyrir utan kostnaðarverð seldra vara hækkaði um 21%. Þrátt fyrir að verslunartekjur hafi lækkað um 2,5% milli ára, hækkaði vöruframlagð félagsins um 35 milljónir króna og er nú um 41,5% af veltu. Gengismál settu verulegt mark á rekstur félagsins á síðasta ári. Þróun íslensku krónunnar gerði það að verkum að fjármagnsliðir eru jákvæðir, sem er mikil breyting frá fyrra ári. Hagnaður fyrir skatta var um 1.045 milljónir króna samanborið við um 340 milljóna króna tap árið 2001.


Stjórn flugstöðvarinnar hélt alls 11 fundi á árinu 2002. Frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 20. mars í fyrra hafa verið 13 fundir. Stjórnin hefur unnið stöðugt að stefnumótun félagsins og haldið sérstaka vinnufundi árlega ásamt stjórnendum þess, fyrst á Flúðum haustið 2001 og aftur í Amsterdam haustið 2002. Á fundunum var framtíðarsýn félagsins mótuð, hlutverk þess skilgreint og meginmarkmið sett fyrir einstök starfssvið. Nú er unnið að nánari útfærslu stefnumótunar í vinnuhópum innan félagsins. Við Amsterdam fundinn var tvinnuð heimsókn á Schiphol flugvöll. Margar góðar hugmyndir og viðmið fengust þar frá því fyrirtæki sem er í fararbroddi í flugvallar- og flugstöðvarrekstri í heiminum.

Önnur mikilvæg verkefni á borði stjórnar lutu að framtíðaruppbyggingu flugstöðvarinnar og landnýtingaráformum. Forvali vegna vals á rekstraraðilum í flugstöðinni, verslun og þjónustu í flugstöðinni, markaðssetningu og starfsmannamálum. Einnig að öryggismálum, svo sem gegnumlýsingu alls farangurs. Þá vann stjórnin að endurfjármögnun langtímalána og fjallaði um skattlagningu og gjaldtöku á Keflavíkurlflugvelli. Fasteignaskattsmál, kæra til Samkeppnisstofnunar vegna forvals og greinargerð til Ríkisendurskoðanda um störf stjórnar FLE hf. og þróun og stöðu félagsins árin 2001 og 2002 voru einnig til meðferðar innan stjórnar.

Orrahrið hófst nýlega í fjölmiðlum um stjórn og starfshætti í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. Sú gagnrýni sem þar kom fram vegna aðkomu einstakra stjórnarmanna að sérstökum málefnum fyrirtækisins er sprottin af misskilningi um eðli fyrirtækisins og sérstöðu þeirra verkefna sem um er að ræða annars vegar og snýst hins vegar um ráðstöfunarrétt félagsins á eignum sínum.

Hlutafelagsvæðing leysti af hólmi tvær ríkisstofnanir í verslunar- og þjónusturekstri, Fríhöfnina á Keflavíkurlflugvelli og Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Yfir þessum ríkisstofnunum sátu ráðgefandi stjórnir sem réðu minnstu um rekstur þeirra. Sú grundvallararbreyting sem varð á stjórnskipan þessara mála með stofnum hlutafélagsins hafði í för með sér verulega auknar starfsskyldur stjórnar sem og mikla fjárhagslega ábyrgð á félaginu og gerðum þess. Vegna þessara breytinga var nauðsynlegt að stjórnin eða sérstakir fulltrúar hennar kæmu í upphafi beint að meðferð mikilvægra mála sem falla utan við daglegan rekstur, sbr. vinnureglur stjórnar. Þessi mál eru í senn óvenjuleg og mikilsháttar sbr. 68. gr. hlutafélagalaga. Þar var um að ræða sérstök málefni eins og ákvarðanir um mannaáráðningar í æðstu stöðum, nýjan kjarasamning og meiriháttar fjárfest-

Farþegafjöldi 1999–2002





ingar eða samninga sem hafa í för með sér miklar skuldbindingar fyrir félagið eða breytingar á högum þess.

Aðgerðir stjórnar vegna byggingarframkvæmda bæði í suðurbyggingu og norðurbyggingu hafa sparað félaginu umtalsverða fjármuni. Áætlað er að inngríp stjórnarinnar vegna frestunar framkvæmda, endurskipulagningar þeirra og markvissara kostnaðareftirlits hafi lækkað framkvæmdakostnað um 600 til 700 milljónir kr. frá því að félagið var stofnað. Með þessum aðgerðum tókst að halda byggingarkostnaði við suðurbyggingu innan fjárhagsáætlunar. Heildarkostnaður við hana er nú um 4 milljarðar króna.

Þau meginmarkmið sem stjórn félagsins setti sér í upphafi hafa náðst í stórum dráttum. Félagið er fjárhagslega sterkt og hefur náð að uppfylla þær kröfur og væntingar sem gerðar voru í upphafi. Félagið hefur nýlega greitt niður um 700 milljónir króna af langtímaskuldum og eiginfjárstaða þess hefur styrkst verulega. Stjórn félagsins leggur til 10% arðgreiðslu í ríkissjóð sem nemur 250 milljónum króna. Það er mat stjórnar að vel hafi tekist til með hlutfélagavæðingu gömlu ríkisstofnananna á Keflavíkurlflugvelli og að vænta megi mikils af nýja félaginu í framtíðaruppbyggingu flugstöðvarinnar og ferðapjónustu í landinu.

Fyrir hönd stjórnar færi ég starfsmönnum þakkir fyrir góð störf í þágu félagsins. Ég vil einnig þakka viðskiptamönnum og þeim fjölmörgu gestum sem leið áttu um flugstöðina fyrir viðskiptin og vonast eftir farsælum samskiptum um ókomin ár.

Í stjórn félagsins á aðalfundi 20. mars 2002 voru eftirtaldir kosnir:

Gísli Guðmundsson, forstjóri
Stefán Þórarinnsson, framkvæmdastjóri
Haraldur Johannessen, hagfræðingur
Helga Sigrún Harðardóttir, ráðgjafi
Sigurður Garðarsson, rekstrarverkfræðingur

Í varastjórn voru kosnir:

Eysteinn Jónsson, rekstrarverkfræðingur
Skarphéðinn Berg Steinarsson, viðskiptafræðingur

Í desember s.l. sagði Sigurður Garðarsson sig úr stjórninni og tók sæti hans Eysteinn Jónsson. Skarphéðinn Berg Steinarsson sagði sig úr varastjórn í janúar s.l.

Endurskoðandi var kjörin Ríkisendurskoðun og í umboði hennar annast endurskoðunar fyrirtækið Deloitte & Touche endurskoðun félagsins.



STARFSEMI ÁRSINS

Rekstur og afkoma 2002

Fækkun farþega, aukinn húsnæðiskostnaður vegna suðurbyggingar og þróun gengis- og vaxtamála setti verulegt mark á rekstur félagsins á síðasta ári. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði var 1.124 milljónir króna árið 2002 eða um 27,3% af heildartekjum félagsins. Þetta er um 14% samdráttur frá árinu 2001. Þá varð rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði um 1.307 milljónir króna eða um 30,7% af heildartekjum félagsins.

Heildartekjur félagsins fyrir árið 2002 eru um 4.113 milljónir króna og drögust saman um 3,5% milli ára. Tekjur verslunarsviðs eru um 3.549 milljónir sem er um 2,5% samdráttur frá árinu 2001. Samdráttur í farþegafjölda frá árinu 2001 er aftur á móti um 10,4%. Þrátt fyrir samdrátt í verslunartekjum hækkar vöruframlegð félagsins um 35,4 milljónir króna á árinu. Húsaleigutekjur hafa verið að dragast saman á þessu ári því vegna 11. september var tekin sú ákvörðun að gefa leigutökum afslátt vegna mikils samdráttar í farþegafjölda. Vegna fækkunar farþega hefur nýting á bílastæðum við flugstöðina dregist verulega saman eða um 19,6%. Dregið hefur úr öðrum tekjum félagsins og er helsta skýring þess að árið 2000 fékk ríkisstofnunin Flugstöð Leifs Eiríkssonar hlutdeild í lendingargjöldum, sem eftir hlutafélagsvæðinguna fóru yfir til Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli. Árið 2000 voru þessar tekjur um 200 milljónir króna.


Rekstrargjöld án afskrifta og fjármagnsliða nema 2.989 milljónum króna, sem er um 1,2% aukning frá árinu 2001. Hlutfall vörunotkunar af sölu er 58,5% samanborið við 60,5% á árinu 2001. Laun og tengd gjöld námu 490 milljónum, eða tæplega 12% af heildartekjum. Launkostnaður hækkaði um 5% milli ára. Til samanburðar var meðaltals hækking launavísitölu milli 2001 til 2002 um 7,1%. Húsnæðiskostnaður hefur aukist verulega eða um 47% frá árinu 2001. Húsnæðiskostnaður árið 2002 er um 331 milljón króna. Þessi mikla aukning er fyrst og fremst vegna stækkunar flugstöðvarinnar, en hin nýja suðurbygging kom ekki að fullu inn í rekstur félagsins árið 2001. Fasteignagjöld og tryggingar félagsins hafa einnig hækkað verulega milli ára. Annar rekstrarkostnaður er 46 milljónir króna eða rúmlega 1% af heildarrekstrartekjum. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er um 47 milljónir króna eða um 1% af heildartekjum félagsins.

Fjármunatekjur ársins eru um 116 milljónir. Fjármagnsgjöld námu um 577 milljónum króna. Að auki eru 140,2 milljónir króna gjaldfærðar sem ábyrgðargjald á nýju langtímaláni félagsins. Gengishagnaður og reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga eru um




Höskuldur Ásgeirsson,
framkvæmdastjóri

Tekjur 2000–2002



EBITDA 1999–2002





1.042 milljónir króna. Gengi íslensku krónunnar lækkaði um 13,53% á árinu 2002 samkvæmt opinberu gengi Seðlabankans, gengi bandaríkjadollars lækkaði um 20,4% og gengi evrunnar lækkaði um 7% á árinu gagnvart krónunni.

Hagnaður eftir skatta er 838,7 milljónir króna fyrir árið 2002 samanborið við 272,1 milljónar króna tap árið 2001. Reiknaður tekjuskattur og eignarskattur var um 207 milljónir króna.

Veltufé frá rekstri samkvæmt sjóðstreymi var um 639 milljónir króna og hefur lækkað um 249,5 milljónir á milli ára. Helsta skýring á þessari lækkun er að sérstakt ábyrgðargjald vegna lántöku að upphæð 140 milljónir króna var fært á meðal fjármagnsgjalda. Að teknu tillit til þessa væri veltufé frá rekstri um 779 milljónir króna og á móti myndu fjármögnunarhreyfingar hækka um 140 milljónir. Vörubirgðir nema um 235 milljónum króna sem er sambærilegt við vörubirgðir í árslok 2001. Skammtíma kröfur lækkuðu um 42 milljónir og skammtíma skuldir lækkuðu um 40 milljónir. Handbært fé frá rekstri varð því 633 milljónir króna. Af þeim fjármunum var 397 milljónum króna ráðstafað í fjárfestingar og um 218 milljónum króna til hækkunar á handbæru fé. Nettó afborganir langtímalána námu rúmum 18 milljónum króna.

Efnahagur

Heildareignir FLE hf. eru bókfærðar á 12.691 milljón króna í árslok 2002. Skuldir félagsins námu 8.374 milljónum króna og hafa lækkað á milli ára um 734 milljónir króna, aðalega vegna þróunar á gengi íslensku krónunnar. Nettóskuldir félagsins, þ.e. veltufjármunir að frádrögnum skuldum, hafa lækkað um 1.165 milljónir króna á árinu.


Langtímaskuldir félagsins voru 31.12.2002 um 7.759 milljónir króna. Um 35% af heildarskuldum félagsins eru í íslenskum krónum, 38% tengdar bandaríkjadollar og 27% tengdar evru. Engin ný lán voru tekin vegna fjárfestinga ársins 2002 heldur voru þær alfarið fjármagnaðar úr rekstri.

Eigið fé félagsins hefur vaxið úr 3,3 milljörðum króna við stofnun þess 1. október 2000 í 4,3 milljarða þann 31.12.2002. Eiginfjárlutfallið fer úr 27,2% í árslok 2001 í 34% í árslok 2002 og innra virði hlutfjár er 1,73 í árslok 2002.


Skipurit

Fljótlega eftir stofnun félagsins samþykkti stjórn þess nýtt skipurit. Samkvæmt því er félaginu skipt í tvö afkomusvið, annars vegar verslunarsvið og hins vegar fasteignasvið. Þessi tvö svið eru fjárhagslega aðgreind og rekin sem sérstakar hagnaðareiningar.

Fjárfestingar 1999–2002




Þróun eigin fjár frá stofnun félagsins 1. október 2000 – 31. desember 2002



Stoðsvið eru þrjú, fjármálasvið, starfsþróunarsvið og markaðs- og kynningarsvið. Stoðsviðin vinna þvert á afkomusviðin. Hvert svið hefur sinn forstöðumann sem ber ábyrgð á daglegum rekstri þess.

Helstu verkefni ársins

Ýmsum verkefnum var ýtt úr vör á síðasta ári er lúta að hagræðingu, skipulagsmálum, fjárfestingum og eflingu ýmiss konar þjónustu við farþega. Haldið var áfram með ýmiss verkefni sem hrundið var af



Elín
Arnadóttir



Hrönn
Ingólfssdóttir



Sóley R.
Ragnarsdóttir



Stefán
Jónsson



Sturla G.
Eðvarðsson

stað árið 2001. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum á borði stjórnar og framkvæmdaráðs félagsins.

Fasteignasvið

Öryggis- og sprengjuleitarkerfi

Á haustmánuðum var hafist handa við uppsetningu á fullkomnu öryggis- og sprengjuleitarkerfi í norðurbyggingu flugstöðvarinnar, samhliða því að færíbandabúnaður í farangursflokkin var allur endurnýjaður. Kerfið var hannað af tæknideild Kaupmannahafnarflugvallar. Stýribúnaður er frá Balslev í Danmörku, farangursvogir og færíbönd frá Van der Lande í Hollandi, og gegnumlýsingarbúnaðurinn er frá Heimann verksmiðjunum í Þýskalandi. Með honum er hægt að skoða um 1200 - 1500 töskur á klukkustund. Þess var gætt að búnaðurinn væri samofinn innritunarkerfinu svo að tafir verði ekki við innritun farþega.

Búnaðurinn er hálfsjálfvirkur. Hann er tengur við gegnumlýsingarvél sem skynjar farangur sem þarfnast frekari skoðunar. Þær töskur eru skoðaðar af öryggisstarfsmanni í mjög fullkominni leitarvél. Sú vél gegnumlýsir farangurinn frá tveimur sjónarhornum, lárétt og lóðrétt. Vélin er með þeim fyrstu sinnar tegundar í heiminum sem sett er upp.

Búnaðurinn var valinn af nefnd sem skipuð var fulltrúum frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. (FLE hf.), Flugmálastjórn á Keflavíkflugvelli, Flugmálastjórn Íslands og Sýslumannsembættinu á Keflavíkflugvelli.

Unnið var í nánú samstarfi við Flugmálastjórn að undirbúningi, auk þess sem gerður var samningur um ráðgjöf og stjórnun verksins við sérfræðinga á Kaupmannahafnarflugvelli. Vinnunni var lokið á þeim tíma sem alþjóðlegar skuldbindingar kváðu á um, þ.e. kerfið var gangsett fyrir 1. janúar 2003. Öryggis- og sprengjuleitarkerfið er fjármagnað af Flug-



stöð Leifs Eiríkssonar hf. og er áætlaður kostnaður um 210 milljónir króna.

Innritunarbúnaður

Undirbúningur að endurnýjun tölvubúnaðar á eldri innritunarborðum og við brottfararhlíð í landgangshúsi flugstöðvarinnar hefur staðið yfir í talsverðan tíma, í samræmi við fjölgun flugafgreiðsluaðila. Tekinn verður í notkun fjölnota innritunarbúnaður frá SITA, svokallaður CUTE búnaður. Hann gerir öllum flugafgreiðsluaðilum jafnt undir höfði við innritun farþega í flugstöðinni. Samhlíða þessu verða merkingar í innritunarsal samræmdar. Áætlað er að búnaðurinn verði tekinn í notkun í maí.

Fasteignaskattur

Fasteignamat ríkisins (FMR) gaf út nýtt fasteignamat á norðurbyggingu flugstöðvarinnar í júlí 2001. Álagningarstofninn hækkaði um 44% á forsendum sem félagið gat engan veginn sætt sig við. Því var ákveðið að kæra matið til yfirfasteignamatsnefndar. Niðurstaða nefndarinnar lá fyrir í nóvember 2002, þar sem sjónarmið FLE hf. urðu að stórum hluta ofan á, en enn er ágreiningur við FMR um framreikningsstuðla.

Dómur féll í Héraðsdómi Reykjaness í nóvember 2002 vegna ágreinings við Sandgerðisbæ vegna oftekinna fasteignaskatta. Dómsniðurstaða var sú að Sandgerðisbær væri sýkn saka að svo stöddu. Stjórn FLE hf. ákvað að áfrýja málinu til Hæstaréttar Íslands og er niðurstöðu að vænta um mitt árið 2003.

Forval

FLE hf. hefur frá stofnun félagsins haft til skoðunar með hvaða hætti tryggja meggi eðlilegan arð af rekstri félagsins og um leið góða, örugga og hnökralausa þjónustu við flugfarþega. Samningar um verslunarrekstur og aðra þjónustu í flugstöðinni voru tímabundnir og runnu út 31. desember 2002. Á grundvelli þessa og í samræmi við ákvæði rekstrarleyfisins tók stjórn FLE hf. þá ákvörðun að gefa þeim, sem áhuga hefðu, kost á að bjóða í rekstur innan flugstöðvarinnar að undangengnu forvali. Með forvalinu er stefnt að því að auka fjöl-

breytni í verslun og þjónustu, s.s. með því að fjölga rekstraraðilum, jafna aðgengi og kalla eftir nýjum hugmyndum. Markmiðið er að fá hæfustu verslunar- og þjónustuaðila til að koma að rekstri slíkrar starfsemi og veita flugfarþegum betri þjónustu en nú er gert. Forvalið var kært til Samkeppnisráðs sem tók undir sjónarmið kæranda í úrskurði sínum. Þar er þeim fyrir mælum beint til FLE hf. að fresta frekari framkvæmd forvals og fyrirhuguðum skipulagsbreytingum til 1. júní n.k. til að tryggja að samkeppni verði ekki raskað frekar. FLE hf. kærði síðar úrskurð ráðsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála svo málinu er enn ekki lokið. Úrskurðar er að vænta upp úr miðjum apríl 2003. Stjórn FLE hf. ákvað að fresta úrvinnslu umsókna í forvalinu þar til úrskurður ráðsins liggur fyrir, en á meðan var ákveðið að endurnýja samninga við núverandi rekstrarleyfishafa til níu mánaða til að hægt væri að halda uppi eðlilegu þjónustustigi í flugstöðinni. Úrvinnsla umsókna verður ekki hafin fyrir en úrskurður áfrýjunarnefndarinnar liggur fyrir.

Hagræðingarverkefni

Talsvert hefur verið unnið í hagræðingarmálum hjá fasteignasviði. Ræsting var boðin út um áramót og skilaði útboðið lækkingu um tugir prósent. Tryggingar FLE hf. hafa einnig verið boðnar út, og var árangur viðunandi m.v. erfiða stöðu á tryggingamarkaði. Áfram verður leitast við að ná fram auknu hagræði í rekstri, t.d. með endurskoðun á samningum um viðhald, orkukaup og öryggisgæslu.

Verslunarsvið

Aðaltekjur flugstöðvarinnar eru af verslun og þjónustu sem þar er rekin. Verslunarsvið FLE hf. starfrækir eigin verslanir sem að mestu takmarkast við hefðbundna fríhafnarverslun á brottfarar- og komusvæði innan frísvæðisins. Stefna FLE hf. er að Fríhöfnin myndi kjarna og aðdráttarafl að frísvæðinu með sölu á áfengi, tóbaki, sælgæti, snyrtivörum og tækni- og margmiðlunarvörum. Aðrir rekstrarleyfishafar hafi með höndum annars konar sölu- og þjónustustarfsemi.

Búið er að hagræða mjög mikið í rekstri á verslun-

arsviði. Allt innkaupaferlið hefur verið endurskipulagt, m.a. með samhæfingu innkaupa og fækkun vörunúmera. Einnig með breytingum á samningum við birgja hvað varðar innkaupsverð, flutningsmáta, birgðahald og greiðslufrest, en þess ber að geta að öll vörukaup voru staðgreidd fyrir stofnun FLE hf.

Birgðahald

Gerðar voru breytingar á ábyrgðarsviðum og verkefnum, aðallega í innkaupum og í almennu skrifstofuhaldi. Farið hefur verið í gegnum ýmis hagræðingarverkefni s.s. samhæfingu innkaupa, fækkun á vörunúmerum og lækkun birgða. Ýmsir samningar við birgja voru endurskoðaðir með það að markmiði að lækka kostnað og styrkja sambandið við lykilaðila sem veita félaginu þjónustu. Sett var á fót sérstök innkaupadeild, og nú er verið að endurskipuleggja vörumóttöku félagsins ásamt lagerhaldi. Markmið verkefnisins er að draga úr kostnaði við vöruflæði og birgðahald og bæta eftirlit með mótöku og afgreiðslu á vörum til og frá lager. Vinnufyrirkomulagi á lager hefur verið breytt og vaktavinna lögð niður. Einnig er verið að vinna að varanlegri staðsetningu á vörlager.

Mikið átak hefur verið í gangi frá stofnun félagsins við að lágmarka birgðir. Markmiðið er að birgðir verði almennt ekki meiri en nemur 8 vikna sölu. Árangurinn hefur verið mjög góður og birgðum hefur ekki aðeins verið náð niður, heldur eru þær almennt orðnar mun yngri en áður var. Fjárfest var í birgðastýringarhugbúnaði frá AGR Innkaup í lok árs

2002 fyrir innkaupamenn félagsins, sem aðstoðar þá við að meta birgðastöðu og útbúa söluspá út frá sölusögu varanna.

Áður en ráðist var í þessar breytingar á verslunarsviðinu var ákveðið að fá breska fyrirtækið World Duty Free, dótturfyrirtæki BAA, til að gera úttekt á innkaupum, birgðahaldi, framsetningu vöru, fjölda vöruflokka og hvaða framlegðaraukningu fyrirtækið gæti náð til framtíðar. Margar af tillögum WDF hafa þegar verið framkvæmdar eða eru í vinnslu.

Stoðsvið

Stoðsvið flugstöðvarinnar annast ýmis verkefni fyrir fyrirtækið í heild í samvinnu við fasteigna- og verslunarsvið. Hér á eftir verður getið helstu verkefna ársins 2002.

Fjármálasvið

Í upphafi árs 2002 var innleitt nýtt fjárhags-, verslunar- og birgðakerfi. Einnig voru allir afgreiðslukassar og -borð endurnýjuð. Undirbúningur að þessu hófst í lok sumars 2001 og var nýtt kerfi tekið í notkun í janúar 2002. Um er að ræða Navision Financial kerfi frá Landsteinum hf. Þetta hefur auðveldað upplýsingastreymi innan félagsins, ásamt því að innra eftirlit er mun skilvirkara. Með innleiðingu kerfisins var einnig sett upp samþykktarkerfi fyrir kostnaðarreikninga félagsins í heild. Stöðugar talmningar eru í verslunum félagsins í dag, í stað þess að allar vörur voru áður taldar einu sinni í lok árs. Kasappaupgjör voru einnig endurskoðuð ásamt skrán-





ingu á vörurýrnun o.p.h. Rekstrarreikningur, sjóðs-streymi og efnahagsreikningur er nú gefinn út mán- aðarlega til stjórnar ásamt upplýsingum um skipt- ingu tekna, farþegafjölda o.fl.

Markaðs- og kynningarvið

Fyrir utan samstarf við Flugmálastjórn á Keflavíkur- flugvelli um markaðs- og kynningarstarf gagnvart erlendum flugfélögum sem áður er getið er flug- stöðin aðili að landkynningarátakinu Iceland Naturally í Bandaríkjunum. Kynning á átakinu hef- ur verið aukin innan frísvæðisins. Fyrirtækjum hef- ur í auknum mæli verið gert kleift að koma vörum sínum á framfæri innan flugstöðvarinnar, m.a. á af- mörkuðu kynningarsvæði og með auglýsingum og framsetningu í verslunum. Þá hefur verið unnið að því að samræma og bæta verðmerkingar í verslun- um félagsins.

Markaðsátak

Í samvinnu við rekstrarleyfishafa innan flugstöðvar- innar var bryddað upp á þeirri nýjung haustið 2002 að vera með sameiginlegt markaðsátak, þar sem þeim farþegum sem innrituðu sig í flug fyrir klukk- an sex á morgnana var boðið upp á morgunverð og ókeypis afnot af bílastæðum í tvo daga. Átakið mæltist vel fyrir og var árangur af því góður. Þegar er hafinn undirbúningur að frekari markaðsaðgerð- um í samstarfi við rekstrarleyfishafa.

Heimasíða

Á vetrarmánuðum hófst vinna við hönnun nýrra heimasíða flugstöðvarinnar, www.airport.is og www.dutyfree.is, sem munu leysa eldri síður af hólmi. Fyrirnefnda síðan hefur að geyma upplýsing- ar um fyrirtækið Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. ásamt nýsamlegar upplýsingar fyrir ferðalanga sem leið eiga um flugstöðina. Á síðarnefndu síðunni verða sérstakar upplýsingar um Fríhafnarverslun félagsins og helstu vörur sem þar eru á boðstólum. Einnig er gert ráð fyrir að rekstraraðilar og opinberir aðilar í flugstöðinni geti komið upplýsingum á framfæri á heimasíðunni ásamt því að tengja sínar heimasíður við heimasíðu flugstöðvarinnar. Gert er ráð fyrir að

síðurnar verði komnar í notkun fyrri hluta ársins 2003. Útliti síðanna verður breytt töluvert, m.a. í samræmi við nýtt merki fyrirtækisins.

Nýtt merki

Nýtt merki Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. er not- að í fyrsta skipti í þessum



ársreikningi. Merkið, sem hannað er af auglýsinga- stofunni Gott Fólk McCann-Erickson, sýnir kraft flugsins. Hægt er að sjá út úr því tvær flugvél- ar að hefja sig til flugs, vængi, víkingahjálmi eða bókstafina F, L og E, sem er skammstöfun fyrir nafn félagsins.

Starfsþróunarsvið

Starfsmenntun hefur verið eflað með námskeiðahaldi bæði innan og utan fyrirtækisins. Afkomutengt launkerfi hefur verið tekið upp sem tryggir að starfsmenn fái hlut af viðbótarframlegð og einnig ef sala á hvern farþega eykst. Vörukynningar eru haldnar reglulega, bæði í snyrti- og tækjavörum. Jafnframt er efnt til vinnámskeiða til að auka þekk- ingu starfsfólks á því fjölbreytta vöruúrvali sem fé- lagið býður uppá. Haldin hafa verið námskeið í sölutækni og viðskiptaviðmóti með það að mark- miði að starfsfólk sé enn betur meðvitað um gildi hagnýtra og öflugra aðferða í sölu og þjónustu og um gildi sölumennsku. Haldið var námskeið í stjórnendafræðslu og samstarfi með það að leiðar- ljósi að auka skilning og virkni stjórnenda og efla samstarf innan hópsins. Kannanir hafa verið gerðar um starfsvitund og starfsmannaveltu þar sem fram kom að starfsfólk var almennt ánæggt með starfsand- ann og vinnunna. Þar kom jafnframt fram að með- alaldur starfsmanna er 40 ár, meðalstarfsaldur 9 ár, og hlutfall kynja er um 42% karlar og 58% konur. Í framkvæmdaráði sitja framkvæmdastjóri og fimm forstöðumenn sviða fyrirtækisins. Af fimm forstöðu- mönnum eru þrjár konur sem allar sitja í fram- kvæmdaráði félagsins. Búið er að setja starfsmanna- og jafnréttisstefnu og unnið er að stefnumótun félagsins í heild.



Hlutverk og framtíðarsýn

Á síðustu misserum hefur stjórn félagsins unnið að stefnumótun félagsins og haldið nokkra vinnufundi með lykilstarfsmönnum. Í lok síðasta árs samþykkti stjórnin hlutverk félagsins, og framtíðarsýn var mót-uð ásamt meginmarkmiðum félagsins.

Hlutverk

Hlutverk Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. er að tryggja framúrskarandi þjónustu á Keflavíkurflugvelli.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. er að vera í fremstu röð flughafna. Að bjóða einstaka upplifun og eftirsóknarverða þjónustu og að gera flughöfnina að vinsælum viðkomustað sem stenst samanburð við þá bestu í heimi.

Meginmarkmið

Stjórnunarmarkmið

Stjórn tryggi vöxt og viðgang félagsins og hafi eftirlit með fjárreiðum, skuldbindingum og markmiðum þess.

Fjárhagsmarkmið

* Tryggja þarf að ávöxtun eigin fjár standi a.m.k. undir 10% arðgreiðslukröfu eiganda.

* Eiginfjárhlutfall félagsins fari ekki niður fyrir 25%.

* Félagið fjárfesti ekki í ótengdri áhættusamri starfsemi.

Þjónustumarkmið

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. stefnir ávallt að því að tryggja flugfarþegum og öðrum viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu á öllum þeim sviðum sem viðkoma rekstri félagsins.

Öryggis- og velferðarmarkmið

Ávallt séu uppfylltar allar lögboðnar kröfur um öryggi og velferð þeirra sem koma inn á starfssvæði flugstöðvarinnar.

Umhverfismarkmið

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. verði leiðandi afl í þróun og uppbyggingu flugvallarsvæðisins í sátt við umhverfið með það fyrir augum að auka vöxt og verðmætasköpun.

Starfsmannamarkmið

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. stuðli að eftirsóttu, öruggu og metnaðarfullu starfsumhverfi.

Niðurlag

Gjörbylting hefur orðið á Flugstöðinni í Keflavík á þeim skamma tíma frá því að hið unga félag, Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf., tók til starfa. Með suðurbyggingunni allt að því tvöfaldaðist athafnasvæði félagsins sem gefur möguleika á mun betri þjónustu við flugfélög og farþega, og fjölbreytni á öllum sviðum starfseminnar. Með markvissum aðgerðum hefur nú þegar tekist að bæta öryggi og aðbúnað allra þeirra sem leið eiga um flugstöðina. Jafnframt hefur stjórn og framkvæmdaráð félagsins tekið stór skref í endurbótum á tækjabúnaði sem auðveldar mjög starfsemi fyrirtækisins. Markmiðið er lipur og góð þjónustu fyrir alla sem sækja flugstöðina heim, um leið og allra leiða er leitað til aukinnar hagkvæmni í rekstri. Aukin útboð hafa þegar leitt til mikillar hagræðingar og vonir um enn betri þjónustu eru bundnar við forval á nýjum rekstraráðilum. Öflugt markaðsstarf gefur fyrirheit um sókn á ný mið. Tímabundin fækkun farþega virðist nú að baki, þó enn séu lævisar blikur á lofti í alþjóðamálum. Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. er ungt og kröftugt félag sem stendur á gömlum merg. Það er ljóst að nýir tímar eru framundan sem fyrirtækið verður að laga sig að. Með fleiri farþegum verður að efla þjónustuna frekar og gera hana fjölbreyttari. Nýtt merki félagsins táknar kraftinn í fluginu sem væntanlega gefur starfsfólki byr undir báða vængi til að takast á við ný og ögrandi verkefni til framtíðar.



GULDVEIRIR
FOREIGN EXCHANGE



ÁRSREIKNINGUR 2002

Skýrsla stjórnar

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Heildartekjur félagsins á tímabilinu námu 4.113 milljónum króna en rekstrargjöld að meðtöldum afskriftum námu 3.649 milljónum króna og hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld var 1.045 milljónir króna. Þegar tekið hefur verið tillit til tekjuskatts og eignarskatts nemur hagnaður ársins 838,7 milljónum króna eða sem svarar 20% af vergum rekstrartekjum félagsins. Eigið fé nemur nú 4.317 milljónum króna eða um 34% af heildareignum, en sambærilegt hlutfall var 27,2% árið áður. Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 10% arður til hluthafa, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Í lok ársins var einn hluthafi að félaginu, Ríkissjóður Íslands.

Stjórn og framkvæmdastjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Keflavíkurlflugvelli, 6. mars 2003

Í stjórn

Gísli Guðmundsson
stjórnarformaður

Stefán Þórarinnsson

Helga Sigrún Harðardóttir

Haraldur Johannessen

Eysteinn Jónsson

Framkvæmdastjóri

Höskuldur Ásgeirsson



Gísli
Guðmundsson



Stefán
Þórarinnsson



Helga Sigrún
Harðardóttir



Haraldur
Johannessen



Eysteinn
Jónsson



Höskuldur
Ásgeirsson

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.

Við höfum, í umboði Ríkisendurskoðunar, endurskoðað ársreikning Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2002, efnahag þess 31. desember 2002, og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Án þess að gera um það fyrirvara í álit okkar vekjum við athygli á skýringu nr. 17 í ársreikningnum. Á fundi sínum þann 29. janúar 2003 ákvað Samkeppnisráð að háttsemi félagsins sem tengdist forvali á viðskiptatækifærum í flugstöðinni bryti í bága við ákvæði samkeppnislaga. Innihald úrskurðar ráðsins var að skilja þyrfti á milli verslunarreksturs og fasteignareksturs félagsins með formlegum hætti. Komi úrskurðurinn til framkvæmda eru horfur á að félagið geti ekki haldið áfram starfsemi í núverandi mynd.

Reykjavík, 6. mars 2003

Deloitte & Touche hf.

Ingi R. Jóhannsson
endurskoðandi

Páll Steingrímsson
endurskoðandi

REKSTRARREIKNINGUR 2002

	Skýr.	2002	2001
Rekstrartekjur			
Seldar vörur og þjónusta		3.548.841.904	3.641.557.386
Aðrar rekstrartekjur	21	564.137.360	619.105.869
		<u>4.112.979.264</u>	<u>4.260.663.254</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		2.074.692.263	2.202.817.908
Laun og tengd gjöld	22	490.499.952	466.948.913
Húsnæðiskostnaður		331.496.804	225.620.570
Annar rekstrarkostnaður		45.647.408	22.112.082
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		47.030.084	36.217.129
		<u>2.989.366.511</u>	<u>2.953.716.603</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		1.123.612.753	1.306.946.652
Afskriftir	3,4	<u>(659.977.999)</u>	<u>(571.217.987)</u>
Rekstrarhagnaður		463.634.754	735.728.665
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	23	<u>581.680.641</u>	<u>(1.076.148.082)</u>
Hagnaður (tap) fyrir skatta		1.045.315.395	(340.419.418)
Tekju- og eignarskattur			
Tekjuskattur	10	(201.503.965)	79.132.688
Eignarskattur		<u>(5.069.686)</u>	<u>(10.784.114)</u>
Hagnaður (tap)		<u>838.741.744</u>	<u>(272.070.844)</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

Fastafjármunir

Óefnislegar eignir

Viðskiptavild	3	3.044.254.385	3.369.517.544
Frestuð skattaeign		0	35.587.878

Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi	4,5	6.391.476.214	6.319.205.229
Landgöngubrýr		212.671.726	231.137.748
Bílastæði		281.988.441	295.608.024
Innréttingar, búnaður og bifreiðir		696.840.915	461.992.494

Fastafjármunir

Veltufjármunir

Vörubirgðir

Vörur til endursölu	6	235.339.134	230.641.171
---------------------	---	-------------	-------------

Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur	7	332.122.522	300.811.054
Aðrar skammtímakröfur		48.396.179	37.640.491
Fyrirframgreiddur kostnaður		4.929.481	5.333.129

Handbært fé

Bankainnstæður		1.442.900.440	1.224.959.675
----------------	--	---------------	---------------

Veltufjármunir

Eignir

Skýr.

31.12.2002

31.12.2001

3.044.254.385

3.369.517.544

0

35.587.878

3.044.254.385

3.405.105.422

6.391.476.214

6.319.205.229

212.671.726

231.137.748

281.988.441

295.608.024

696.840.915

461.992.494

7.582.977.296

7.307.943.495

10.627.231.681

10.713.048.917

235.339.134

230.641.171

235.339.134

230.641.171

332.122.522

300.811.054

48.396.179

37.640.491

4.929.481

5.333.129

385.448.183

343.784.674

1.442.900.440

1.224.959.675

1.442.900.440

1.224.959.675

2.063.687.757

1.799.385.519

12.690.919.437

12.512.434.436

31. DESEMBER 2002

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2002	31.12.2001
Eigið fé	8,9		
Hlutfé		2.500.000.000	2.500.000.000
Endurmatsreikningur		398.199.078	324.048.000
Lögbundinn varasjóður		95.728.097	11.853.923
Óráðstafað eigið fé		1.322.624.874	567.757.305
		<u>4.316.552.050</u>	<u>3.403.659.228</u>
Skuldir			
Skuldbindingar			
Tekjuskattsskuldbinding	10	165.916.087	0
		<u>165.916.087</u>	<u>0</u>
Langtímaskuldir	12,13		
Skuldabréfalán		7.759.512.481	6.425.400.211
		<u>7.759.512.481</u>	<u>6.425.400.211</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		179.670.588	90.492.751
Næsta árs afborganir langtímaskulda		14.817.778	2.289.592.699
Reiknaðir skattar ársins	14	5.069.686	10.784.114
Aðrar skammtímaskuldir		249.380.768	292.505.433
		<u>448.938.820</u>	<u>2.683.374.997</u>
Skuldir		<u>8.374.367.388</u>	<u>9.108.775.208</u>
Eigið fé og skuldir		<u>12.690.919.437</u>	<u>12.512.434.436</u>

SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2002

	Skýr.	2002	2001
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		838.741.744	(272.070.844)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		659.977.999	571.217.987
Verðbreytingafærsla		(138.480.659)	(552.924.028)
Verðbætur og gengismunur langtímaskulda		(922.618.094)	1.222.021.689
Aðrir liðir		0	(439.027)
Tekjuskattsskuldbinding		201.503.965	(79.132.688)
Veltufé frá rekstri		639.124.955	888.673.089
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Vörubirgðir, (hækkun) lækkun		(4.697.963)	113.416.369
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(41.663.510)	84.334.954
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		40.338.744	80.264.250
Handbært fé frá rekstri		633.102.226	1.166.688.662
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir fastafjármunir		(397.116.904)	(1.372.152.386)
Fjárfestingarhreyfingar		(397.116.904)	(1.372.152.386)
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldir		2.212.986.434	0
Afborganir langtímaskulda		(2.231.030.991)	(18.237.462)
Fjármögnunarhreyfingar		(18.044.557)	(18.237.462)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		217.940.765	(223.701.186)
Handbært fé í upphafi árs		1.224.959.675	1.448.660.861
Handbært fé í lok árs		1.442.900.440	1.224.959.675

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

Starfsemin

1. Hlutfélagið Flugstöð Leifs Eiríkssonar var stofnað í september 2000 og tók við rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Fríhafnarinnar á Keflavíkurlflugvelli þann 1. október 2000. Félagið starfar eftir samnefndum lögum nr. 67 / 2000 og heimili þess og varnarþing er á Keflavíkurlflugvelli. Félaginu ber í allri starfsemi sinni að virða og standa við þær skuldbindingar á starfssviði og starfssvæði Flugstöðvarinnar sem íslenska ríkið undirgengst og varða flugstöðina og starfsemi þá sem félagið yfirtekur. Utanríkisráðherra veitti þann 1. nóvember 2000 félaginu leyfi til reksturs flugstöðvarinnar og gildir það til 31. desember 2010 en skal þó tekið til endurskoðunar eigi síðar en 1. október árið 2006.

Reikningsskilaaðferðir

2. Með lögum nr. 133/2001 voru gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt og lögum nr. 144/1994, um ársreikninga. Með lögnum voru verðleiðréttingar laga um tekjuskatt og eignarskatt felldar niður frá og með 1. janúar 2002. Einnig voru ákvæði 25. gr. laga um ársreikninga, sem taka til verðleiðréttinga í reikningsskilum vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga, afnumin. Hins vegar er áfram heimilt að færa sérstakt endurmat á eignir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Í bráðabirgðaákvæði b skv. 53. gr. laga nr. 133/2001 er félögum skv. 1. mgr. 1. gr. ársreikningalaga heimilt að taka tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga við gerð ársreikninga vegna reikningsára sem hefjast á árunum 2002 og 2003 í samræmi við a-lið 1. mgr. 25. gr., sbr. 3. mgr. sömu greinar fyrir gildistöku laganna.

Stjórn félagsins hefur ákveðið að í ársreikningi þessum mun félagið nýta sér framangreint bráðabirgðaákvæði og halda áfram með verðleiðrétt reikningsskil. Ef ekki hefði verið beitt verðleiðréttum reikningsskilum hefði hagnaður ársins orðið 119,6 milljónum króna lægri og eigið fé 182,6 milljón króna lægra. Í því sambandi er vísað til skýringa í ársreikningi nr. 3 og 4.

